



VOGAR - HRAÐFERÐ

Óvissutímar

Það er eins og að bera í bakkafullan lækinn að færa í tal þá stöðu sem nú er uppi í samfélaginu öllu og þar með talið hér í sveitarfélaginu. Það er eigi að síður þau mál sem nú eru efst á baugi, auk þess sem mikilvægt er að halda til haga mikilvægum upplýsingum um starfsemina og hvaða breytingum hún tekur á þessum óvissutímum.

Starfsemi sveitarfélagsins hefur verið samkvæmt aðgerðaráætlun og viðbragðsáætlunum sem í gildi eru, og voru virkjaðar um miðjan mars. Óhætt er að segja að vel hafi til tekist, miðað við þær erfiðu aðstæður sem nú eru. Tekist hefur að halda skólastarfi gangandi, bæði í leikskóla og í grunnskóla. Frístund hefur einnig starfað, en auðvitað hefur öll starfsemi sveitarfélagsins tekið mið af faraldrinum sem nú geisar. Íþróttamiðstöðinni hefur hins vegar verið lokað, það sama á við um félagsstarfs eldri borgara. Þá hefur bæjarskrifstofunni einnig verið lokað. Allar þessar ráðstafanir eru viðhafðar til að tryggja órofna starfsemi og þjónustu í sveitarfélaginu. Það hefur fram til þessa tekist, og er það ekki síst að þakka óeigingjörnu framlagi starfsfólksins alls, sem hefur lagt mikið á sig til að tryggja að starfsemin geti gengið eins eðlilega fyrir sig eins og frekast er kostur miðað við þessar aðstæður.

Við höfum verið lánsöm í okkar sveitarfélagi hvað varðar fjölda smita, sér í lagi ef við berum okkur saman við þau sveitarfélög í landinu sem verst hafa orðið úti. Samkvæmt nýjustu upplýsingum eru nú 3 staðfest smit hér, og 9 einstaklingar eru í sóttkví. Við skulum vona að þróunin hjá okkur verði áfram jákvæð og vonum að sem fæstir smitist. Aðgerðarstjórn sveitarfélagsins fundar flesta virka daga, fundargerðir má sjá á heimasíðu sveitarfélagsins. Sóttvarnaryfirvöld hafa framlengt samkomubann til 4. maí, það liggur því fyrir að starfsemi sveitarfélagsins verður áfram með óbreyttu sniði enn um sinn.

Atvinnuleysi á landinu eykst nú hratt, og ekki síst verða Suðurnesin illa fyrir barðinu á þeirri þróun. Samkvæmt nýjustu tölum frá Vinnumálastofnun er nú gert ráð fyrir að áætlað atvinnuleysi á öllu landinu í apríl verði 15,5%. Á Suðurnesjum er hins vegar gert ráð fyrir að atvinnuleysið verði talsvert hærra, eða 22,4% vinnuafldsins. Áætlað atvinnuleysi í okkar sveitarfélagi verður hins vegar nær landsmeðaltalinu, eða um 15% í apríl.

Sveitarfélagið mun á næstu dögum og vikum vinna að gerð sérstakrar áætlunar um viðspyrnu vegna þeirra aðstæðna sem nú eru. Bæjarráð hefur þegar ákveðið að einungis sé greitt fyrir þá þjónustu sem nýtt er, t.d. í leikskólanum. Þá hefur einnig verið ákveðið að heimilt sé að sækja um greiðslufrest án kostnaðar á fasteignagjöldum. Þessar ráðstafanir eru einkum hugsaðar annars vegar til þeirra lögaðila sem hafa orðið fyrir meira en 25% tekjutapi m.v. sama tíma á síðasta ári, og þeirra heimila þar sem orðið hefur forsendubrestur í tekjuöflun. Búið er að setja upp sérstakt netfang fyrir þessar umsóknir, fasteignagjold@vogar.is

Að lokum.

Tímarnir núna eru erfiðir, og það reynir á. Það er hins vegar full ástæða til að horfa með hjartsyni fram á veginn. Við erum þrátt fyrir allt svo lánsöm sem búum hér á landi að staðan hér er um margt betri en hjá mörgum öðrum þjóðum. Faraldurinn mun ganga yfir og atvinnulífið mun eflast að nýju. Samkomubanninu verður aflétt. Samstaðan er sem fyrr lykilorðið, þá verða okkur allir vegir færir. Það er mikilvægt að halda þetta út, fara að fyrirmælum yfirvalda og viðhafa ábyrga hegðun. Við skulum því nota tækifærið nú þegar páskar fara í hönd og styrkja okkur vel inn á við, bæði sem einstaklinga og fjölskyldur. Njótið páskaleyfis og hafið það sem allra best!

Ábyrgðarmaður: Ásgeir Eiríksson asgeir@vogar.is

29.6.2020 8.árg.6.tbl.

Innihald þessa pistils er ætlað að þjóna því hlutverki að miðla fréttum af því sem efst er á baugi hverju sinni á vettvangi Sveitarfélagsins Voga sem og að halda til haga gagnlegum upplýsingum um starfsemina á vettvangi þess.